



Húnaþing vestra

Aðalskipulag 2014-2026



UMHVERFISSKÝRSLA
14. APRÍL 2014



Húnaþing vestra

Aðalskipulag 2014-2026



LANDMÓTUN®

Yngvi Þór Loftsson

kt:110252-4479

Óskar Örn Gunnarsson

Margrét Ólafsdóttir

Forsíðumynd af heimasíðu Húnaþings vestra

Efnisyfirlit

1	FORSENDUR	5
1.1.	STAÐFRÆÐI	5
1.2.	JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG	5
1.3.	GRÖÐURFAR	5
1.4.	IBÚAÐRÖUN	7
2	UMHVERFISSKÝRSLA	9
2.1	MATSKYLDA	9
2.2	TENGL UMHVERFISMATS OG SKIPULAGSVINNU	9
2.3	TENGL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	9
2.4	NÁLGUN OG TILGANGUR	10
2.5	ÁHRIFAPÆTTIR	10
2.6	VIÐMIÐ	11
2.7	VÆGI	14
2.8	ÖFLUN UPPLÝSINGA OG AÐFERÐARFRÆÐI	14
3	MATSTÖFLUR	15
3.1	STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SKÓGRÆKT OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI	15
3.1.1	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	18
3.2	STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR	18
3.2.1	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	20
3.3	STEFNA AÐALSKIPULAGS UM EFNISTÖKU OG EFNISLOSUNARSVÆÐI	21
4	MÓTVÆGISADGERÐIR, VÖKTUN	22
5	MATSFERLI OG SAMRÁÐSAÐILAR	23
6	HEIMILDIR	24
	VEFSÍÐUR:	25

1 FORSENDUR

Nýtt aðalskipulag byggir á stefnumörkun, forsendum og uppdráttum frá gildandi aðalskipulögum og deiliskipulögum fyrir svæðið. Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015 var staðfest 17. desember 1996 (skv. skipulagslögum frá 1964) og aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014 var staðfest 9. júní 2002 (skv. skipulagslögum frá 1997).

1.1. STAÐFRÆÐI


Húnaþing vestra einkennist af fjörðunum þremur; Húnaþingi, Hrútafirði og Miðfirði. Á milli þeirra eru nesin Heggstaðanes og Vatnsnes. Aðalskipulag Húnaþings vestra tekur til alls lands sveitarfélagsins þ.e. Holtavörðuhéið og Laxárdalsheiði að vestan að Stíkuhálsi að norðan og Gljúfurá að austan til upptaka og þaðan að landamerkjum Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar að Bláfelli á Stórasandi og vatnaskilum á Arnarvatnsheiði og Tvídægru að sunnan. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 3017 km².

1.2. JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG

Berggrunnurinn er einkum úr basalti frá tertíer eða eldri en 3 millj. ára. Í Vatnsnesfjalli og Víðidalsfjalli finnast fornar megineldstöðvar með líparíti og ummynduðu bergi. Landið er allt mjög rofið af jöklum jökulskeiða ísaldar þar sem skiptast á grunnir og breiðir dalir með lágum ásum og heiðum á milli. Jarðhiti er á nokkrum stöðum en aðeins hluti hans hefur verið nýttur.

1.3. GRÓÐURFAR

Land í Húnaþingi vestra er víðast hvar mjög gróið, grösugar engjar og vel gróin heiðalönd þar sem skiptast á mýrar, flóar og mosavaxin holt. Kvistlendi er lítið og



skógar engir. Þetta svæði er eitt best gróna svæði landsins, rof mjög lítið (helst á söndunum norðan Hópsins) og uppblásturshætta lítil. Gróið land er talið vera um 1.838 ferkílómetrar eða rúm 70% af flatarmáli sveitarfélagsins.

Meðfylgjandi gróðurkort sýnir gróðurfar á mjög einfaldaðan hátt. Kortið er upphaflega teiknað á gervitunglamynd í mælikvarða 1:250.000. Á láglendi er gróðurgreiningin byggð á mjög takmarkaðri vettvangsvinnu, en uppi á heiðunum er stuðst við gróðurkort sem unnin voru í stærri mælikvarða. Aðeins eru sýnd samfelld gróðursvæði sem hafa 50 % gróðurþekju eða meira.

Mosagróður: Gróðurlendi þar sem mosi er ríkjandi tegund. Aðallega er um að ræða grámosa (*Racomitrium*) sem er lang algengasta mosategundin um allt land. Stundum er mosapemban alveg hrein, en ýmsar aðrar plöntutegundir geta vaxið í mosanum og þakið allt að 50% yfirborðsins. Oft eru ógreinileg skil milli mosapembu og annars þurrlendisgróðurs, en á kortið er merktur mosagróður þegar þekja hans er 50% eða meiri. Mosapembu er einkum að finna þar sem gróðurskilyrði eru óhagstæð og jarðvegur grunnur. Þá er þekjan oft slitrótt og mjög viðkvæm fyrir ágangi manna og búfjár.

Mólendi, graslendi og ræktað land: Á kortinu er slegið saman í einn flokk öllum þurrlendisgróðri öðrum en mosagróðri. Það er því um mjög ólík gróðurlendi að ræða, s.s. kvistlendi, kjarlendi, sef- og starmóa, graslendi og blómlendi. Gróðurþekja þessara gróðurlenda er almennt meiri en í mosagróðri, jarðvegurinn dýpri og slitþol hans er meira. Þessi gróðurflokkur er því ekki eins viðkvæmur og mosagróðurinn og þolir meiri ágang.


Votlendi: Þessi flokkur samanstendur af deiglendi (hálfdeigju), mýri, flóa og vatnagróðri. Aðallega er um að ræða mýri og flóa, en mýrin er útbreiddari og tegundaauðugri en flóinn. Aðaltegundir votlendisins eru hálfgrös, s.s. starir og fifa.

Í mýri stendur grunnvatnið almennt í gróðursverðinum en í flóa flýtur yfirleitt yfir svörðinn. Deiglendi er á mörkum þurrlendis og votlendis. Gróðurbreiða votlendisins er oftast samfelld, jarðvegurinn djúpur og mómyndun alla jafna mikil. Votlendinu er síður hætt við uppblæstri en öðrum gróðri og þolir betur ágang manna og búfjár. Lífríki votlendisins er fjölbreytt og það er m.a. mjög mikilvægt kjörlendi margra fuglategunda.

Bersvæðisgróður, melur og sandur: Undir þennan flokk fellur land þar sem gróðurþekjan er minni en 50%, eða þar sem samfelt gróðurlendi er of lítið til að unnt sé að sýna það í viðkomandi mælikvarða. Um er að ræða mismunandi lítt gróið land allt frá því að vera nánast alger auðn upp að því að geta kallast hálfgróið. Þegar landið getur kallast hálfgróið er það sýnt á kortinu. Þetta land samanstendur aðallega af mismunandi grýttum melum, grýttu fjallendi, söndum, eyrum og mold.

1.4. ÍBÚAÞRÓUN


Heildar íbúafjöldi í Húnaþingi vestra var 1187 í janúar 2012 og hafði fækkað um 125 íbúa frá 2002. Einkennandi fyrir byggð í Húnaþingi vestra er landbúnaður og þjónusta og rúmlega helmingur íbúa býr í dreifbýli. Tveir þéttbýlisstaðir eru skilgreindir innan Húnaþings vestra, Hvammstangi, með um 550 íbúa og Laugarbakki með um 50 íbúa. Vísir að þéttbýli er að Reykjum við Hrútafjörð og á Borðeyri en staðirnir eru ekki skilgreindir sem þéttbýlisstaðir í endurskoðun aðalskipulags Húnaþings vestra. Samkvæmt skipulagsreglugerð þá er þéttbýli skilgreint út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fari að jafnaði ekki yfir 200m. Á Hvammstanga eru um 550 íbúar, á Laugarbakka um 50 íbúar en á Borðeyri um 25. Á Reykjum er byggðasafn Strandamanna og Húnvetninga og Reykjaskóli þar sem reknar eru skólabúðir. Stefna sveitarfélagsins er að íbúum fjölgi á skipulagstímabilinu. Gert er ráð fyrir að fjölgun eigi sér stað bæði í dreifbýli og skilgreindu þéttbýli þar sem íbúðalóðir eru á boðstólunum.



Mynd 1-1. Íbúabróun í Húnaþingi vestra 1994-2011 skipt eftir körlum og konum. (Heimild. Bygðastofnun 2012)

Íbúum í Húnaþingi vestra hefur fækkað talsvert á liðnum árum og er eitt þeirra sveitarfélaga sem glímt hefur við viðvarandi fólksfækkun, en íbúum hefur fækkað um 23% frá 1994 til ársins 2012. Samfélagsgerð hefur verið að breytast þar sem yngri aldurshóparnir hafa farið minnkandi á sama tíma og eldri aldurshópar stækkað. Sjá nánar í umfjöllun um samfélagslega þróun í kafla 5.3.

Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra er gert ráð fyrir því að íbúum sveitarfélagsins fjölgi í samræmi við íbúaspá Hagstofunnar sem gerir ráð fyrir því að íbúum á landsvísu fjölgi að meðaltali um 0,7-1%. Gangi sú spá eftir þá mun íbúum fjölga um 117-171 til ársins 2026.



2 UMHVERFISSKÝRSLA

2.1 MATSKYLDA

Gerð aðalskipulags Húnaþings vestra er matsskyld skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem skipulagið:

- o markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
- o er undirbúið eða samþykkt af stjórnvöldum og
- o unnið samkvæmt lögum.

2.2 TENGL UMHVERFISMATS OG SKIPULAGSVINNU

Nálgun aðferðar umhverfismats gerir ráð fyrir að matsvinnan nýtist til þess að tryggja að stefnumótun verði upplýst og rökstudd varðandi möguleg umhverfisáhrif aðalskipulags. Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif aðalskipulags geti talist vera verulega neikvæð til þess að geta brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

2.3 TENGL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Í tengslum við umhverfismatið verður greint frá tengslum og samræmi annarra áætlana við endurskoðað aðalskipulag. Áætlanir sem helst verður litið til eru:

- o Náttúruminjaskrá. Svæði sem eru á Náttúruminjaskrá.
- o Stefnumörkun aðalskipulags mun ekki hafa áhrif á náttúruminjaskrá.
- o Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og Náttúruverndaráætlun 2009-2013:
- o Ekkert svæði er friðlýst í Húnaþingi vestra. Í náttúruverndaráætlun 2004-2008 var tillaga um að friðlýsa annars vegar Hópið–Húnavatn–Flóðið, sem bússvæði en svæðið er þegar á náttúruminjaskrá og hins vegar Sléttafellshverfi sem náttúruvætti., sem er lághitasvæði í norðurhlíðum Sléttafells, upp af Hrótafirði og sunnan við Fosssel. Aðalskipulagið mun ekki hafa áhrif á Náttúruverndaráætlun.
- o Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga:

- o Húnavatnshrepps 2010 – 2022
- o Borgarbyggðar 2010-2022
- o Dalabyggðar 2004-2016
- o Strandabyggðar 2008-2020

Aðrar áætlanir sem eru í vinnslu en verður litið til eru:

- o Samgönguáætlun 2011-2022
- o Samgönguáætlun 2011-2014
- o Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Alþjóðasamningar:

- o Ramsarsamningur
- o Samningur um líffræðilega fjölbreytni

2.4 NÁLGUN OG TILGANGUR

Mat á áhrifum mun byggja á vinnu ráðgjafa og stýrihóps aðalskipulags sem heldur utan um alla skipulagsvinnu. Eftir þörfum hafa ráðgjafar leita aðstoðar sérfræðinga á sviði umhverfismats, s.s. við gerð umhverfisskýrslu. Matsvinnan miðar að því að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku og að við gerð aðalskipulags sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða á þann hátt að í skipulagsvinnu verði stefnt að því að draga úr eða koma í veg fyrir möguleg neikvæð umhverfisáhrif aðalskipulagsins.

2.5 ÁHRIFAPÆTTIR

Í umhverfisskýrslunni verður greint frá umhverfisáhrifum, stefnu aðalskipulags um atvinnu, byggð, náttúru- og verndarsvæði, samgöngur og veitur í heild sinni. Fjallað verður um heildaráhrifin í almennum orðum varðandi þau atriði sem talin eru hafa litlar breytingar í för með sér en megin áhersla umhverfismats verður á eftirfarandi þætti í skipulagsvinnu Húnaþings vestra:

Hér á eftir er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati áætlana vegna skipulagsins. Varðandi tilgang umhverfismats er vísað í 1. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umhverfisskýrsla fyrir Húnaþing vestra tekur á sameinuðu sveitarfélagi Húnaþings vestra og Bæjarhrepps. Við rýni í upphafi vinnunnar komu fram ákvæðnir þættir sem þörfnuðust endurskoðunar og nánari vinnslu.

Í umhverfisskýrslunni verður greint frá umhverfisáhrifum, stefnu aðalskipulags um þá þætti sem mögulega hafa neikvæð áhrif í för með sér. Megin áhersla umhverfismats verður á eftirfarandi þætti í skipulagsvinnu Húnaþings vestra:

- **Skógrækt og landbúnaður:** Fjallað verður um áhrif stefnumörkunar aðalskipulagsins vegna skógræktar.
- **Samgöngur:** Áhrif stefnumörkunar um færslu þjóðveggar sbr. hugmynd Vegagerðarinnar.
- **Námur:** Fjallað verður um áhrif stefnumörkunar um efnistökusvæði en verið er að fjölga þeim talsvert frá gildandi aðalskipulagi.

2.6 VIÐMIÐ

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir

til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfispættir	Umhverfisviðmið
Samfélag	Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014 og aðliggjandi sveitarfélaga. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun 2010-2013. Sjá kafla 2 um hreint og heilnæmt ferskvatn. Jarðalög nr. 81/2004 Markmið þessara laga er að [.....] stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til bívöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014
Menningarminjar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast skv. 3. gr. laga um menningarminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.
Gróður	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd

Vatnafar	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Markmið reglugerðar þessarar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri. Viðmiðunarmörk skv. 1. viðauka reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.
Sjónræn áhrif	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauði, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Samgöngur	VEGALÖG NR. 80/2007 Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. SAMGÖNGUÁÆTLUN Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í samgönguáætlun: Greiðari Samgöngur, hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur, öryggi og jákvæð byggðaðþróun.
Heilsa og öryggi	Reglugerð um hávaða 724/2008 Heilsufar, hávaðamengun, óþægindi, lykt, ryk Og samfélagsöryggi, umferðaröryggi, slysaætta. Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 eru annars vegar ákvæði um hávaða frá vegum og hins vegar ákvæði um hávaða frá atvinnustarfsemi.

Tafla 1 Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu


2.7 VÆGI

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
	Jákvæð áhrif á umhverfispátt. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfispátt Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
	Neikvæð áhrif á umhverfispátt Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

2.8 ÖFLUN UPPLÝSINGA OG AÐFERÐARFRÆÐI



Við mat á umhverfisáhrifum hefur verið s unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna.

3 MATSTÖFLUR

Þeir málaflokkar sem taldir eru geta haft möguleg neikvæð áhrif í för með sér og meta þarf sérstaklega er stefna um skógrækt og landgræðslusvæði og stefna um samgöngur. Aðrar stefnur eða einstök atriði aðalskipulags eru talin hafa óveruleg áhrif í för með sér og því ekki talin þörf á því að fjalla um þau sérstaklega.

Eftirfarandi eru matstöflur um áhrif stefnu skógræktar á umhverfið og stefna um samgöngur en þar er um að ræða áhrif stefnumörkunar um þverun Hrutafjarðar við Reykjatanga. Færsla Hvammstangavegar nær sjó frá S-Ósi til Hvammstanga. Færsla þjóðveggar sbr. Tillögu Vegagerðarinnar.

3.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SKÓGRÆKT OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

Eftirfarandi eru markmið og leiðir um skógræktar- og landgræðslusvæði en alls eru 13 skógræktarsvæði skilgreint í aðalskipulagi, þ.e. svæði sem eru samningsbundin Norðurlandsskógaverkefninu og þekja alls um 905 ha sem eru um 0,3% af heildarstærð sveitarfélagsins eða tæplega 1% af láglendi sveitarinnar sem er undir 200 metrum yfir sjávarmáli.

Markmið:



Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á. Áhersla lögð á að notaðar verði íslenskar trjátegundir m.a. birki, reynir og víðir.

Leiðir

- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasgrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga. Hafa skal í huga kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.
- Stefnt að skógrækt geti farið fram á svæðum sem eru ekki gott landbúnaðarland og hafi ekki verndargildi.

Umhv.þætt	Stefna aðalskipulags um skógræktar- og landgræðslusvæði		
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Skógrækt falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminum. Áhersla er lögð á að skógurinn falli vel að landslagi, sé fjölbreyttur og aðlaðandi. Náttúruminjar, söguminjar og athyglisverðir staðir eru ekki klæddir skógi og gætt er að mörgum fleiri þáttum, svo sem fuglalífi, gróðurfari, berjalöndum og útsýni.	0
	Gróðurfar	Út frá gróðurfari og öðrum umhverfisþáttum er gerð tillaga að vali trjátegunda í skógræktarsvæðið. Mikil áhrif verða á gróður, einkum á svæðum þar sem gróðurþekja er lítil. Neikvæð áhrif geta verið á botngróður en með blöndun tegunda má draga úr þeim áhrifum. Tegundasamsetning gróðurs í skógarreitum mun breytast, en hafa ber í huga að breytingin er úr einu manngerðu gróðurlendi í annað. Verið er að skipta út áhrifum búfjárbættar fyrir áhrif skógar. Lágvöxnum, ljóselskum plöntutegundum fækkar en skuggþolnar tegundir eru hins vegar líklegar til að nema land með tímanum.	

	Vatnafar	Óveruleg enda ekki gert ráð fyrir því að skógur verði ræktaður á mýrum. Getur haft staðbundin áhrif á snjóalög og geta því haft áhrif á vatnabúskap. Meiri snjór safnast á hæðum en minni snjór í lægðum samanborið við skóglaut land. Á hæðum verður rakastig í jarðvegi því hærra lengra fram á sumar sem bætir skilyrði fyrir allt líf. Fannir sem safnast í lægðum og hlémegin í brekkum verða minni, bráðna fyrr og þar með lengist sumarið fyrir lífverur þar.	0
	Fuglalíf	Skógrækt getur haft staðbundin áhrif á fuglalíf þar sem yfirleitt er verið að taka gras- eða mólendi undir skógrækt. Áhrifin geta því verið talsvert neikvæð fyrir mófugla eins og spóa en talsvert jákvæð fyrir skógfugla eins og skógarþresti eða músarindil. Á landsvísu eru áhrif talin vera óveruleg vegna takmarkaðs umfangs skógræktar.	 
	Veðurfar	Skógrækt hefur áhrif á vindafar, sérstaklega vindsveipi, skógurinn skapar skjól og breytir nær viðri. Aukin skógrækt getur dregið úr loftmengun. Vaxandi skógur bindur koltvísýring (CO ₂) úr andrúmsloftinu til langs tíma í formi viðar og kolefnissambanda í jarðvegi.	
	Landslag	Skógrækt hefur áhrif á landslag. Með meiri skógrækt eykst hlutfall skógarlandslags og skörp skil geta myndast á jöðrum skógræktar og lands utan skógræktar. vegna hæðar, áferðar og litar skógarins. Skógur getur dregið fyrir útsýni að einstökum landslagsþáttum frá ákveðnum stöðum. Lítið umfang fyrirhugaðrar skógræktar (5% láglendis) þýðir að útsýni að stærri landslagsþáttum, s.s. fjöllum, mun ekki spillast svo nokkru nemi. Hins vegar gæti útsýni spillst að smærri landslagsþáttum, t.d. útsýni að fossi frá vegi. Þar sem þannig háttar til þarf að taka á því í hönnun skógræktar og tryggja að skógur spilli ekki sýn að mikilvægum landslagsminjum. Í þessu tilliti skiptir staðsetning skógar í landslagi verulegu máli. Skógur í neðanverðri fjallshlíð spillir ekki útsýni og hefur tiltölulega jákvæð áhrif á ásýnd lands að mati margra. Skógrækt á flatlendi, sérstaklega nálægt vegum, getur hins vegar spillt útsýni. Það vill svo til að skógræktarskilyrði eru yfirleitt mun betri í brekkum en á flatlendi og eru þær því líklegri til að verða fyrir valinu sem skógræktarsvæði. Með skjólbeltarækt breytist landslag ræktunar og verður munurinn einkum sá að skurðir verða minna áberandi og tún verða afmörkuð með skjólbeltum í staðinn.	0
Auðlindir	Landrými, verndarsvæði, orka, menningarminjar, vatnsverndarsvæði og jarðefni	Áhrif á aðra landnotkun er óveruleg enda skógræktarsvæði helst í landi sem hentar illa til annarrar landnotkunar: Helst ber þó að nefna skerðingu beitarlands. Getur haft áhrif á samgöngur vegna jöfnunar snjóлага þá ýmist jákvæð eða neikvæði áhrif sem og hamlað sýn manna. Áhrif á menningaminjar eru talin vera óveruleg þar sem þess verður gætt að ekki verði farið nær minjum en 100 m.	0
Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	Áhrif vegna skógræktar á hagræna og félagslega þætti umhverfisins eru talin vera jákvæð. Skógrækt eflir atvinnumöguleika, einkum þegar lítið er til langrar framtíðar. Aðstaða til útivistar verður fjölbreyttari þar sem skógar eru gerðir opnir til útivistar. Aukin efnahagslegur ávinningur getur hlotist vegna aukinnar ferðaþjónustu. Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg. Getur haft jákvæð sálræn áhrif á suma en neikvæð á aðra.	



3.1.1 Samantekt niðurstöðu

Markmið um skógrækt eiga eftir að hafa talsverð jákvæð áhrif í sveitarfélaginu, svo fremi að þess verði gætt að komið verði í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif. Það er m.a. gert með því skilgreina friðlýst svæði við undirbúning skógræktar, s.s. svæði innan 100 m frá fornminjum, svæði innan 30 m frá miðlínu vega, svæði innan 5 m frá raflinum o.s.frv. Þetta á einnig við um önnur viðkvæm svæði, s.s. svæði á náttúruvinnjaskrá, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum sem og að góð landbúnaðarsvæði fari ekki undir skógrækt. Skógrækt eykur jafnframt atvinnumöguleika á svæðinu til lengri tíma lítið. Í framhaldi af þessu er minnt á 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda sem fara skal eftir. Í henni segir að öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m y.s.

Núllkostur í þessu tilfalli er ef ekkert yrði af frekari skógræktaráætlunum í sveitarfélaginu sem þykir ekki fýsilegur kostur þar sem samfélagslegu áhrif skógræktar og efnahagslegu áhrif, s.s. aukin atvinna við gróðursetningu og grisjun, bætt eða fjölbreytt aðstaða til útivistar er sveitarfélaginu til hagsbóta.

3.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR

Eftirfarandi eru markmið og leiðir um vegi í sveitarfélaginu;

Markmið:

Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar

Leiðir:

- Stuðlað verði að bættum samgöngum innan sveitarfélags og við nágrennabyggðalög.
- Skoðaður verði möguleiki á þverun Hrutafjarðar við Reykjatanga og á færslu þjóðvegjar á Holtavörðuhæði.


Aðalskipulagið sýnir stofn- og tengivegi í sveitarfélaginu og aðra vegi til skýringar. Ekki eru fyrirhugaðar neinar miklar breytingar á vegakerfinu á skipulagtímabilinu en sveitarfélagið leggur þó til að skoðaðir verði möguleikar á þverun Hrútafjarðar og færslu þjóðvegjar á Holtavörðuhéið til að stytta akstursvegalengdir og auka umferðaröryggi. Þessar leiðir eru sýndar til skýringar í aðalskipulagi en eru samt metnar í þessu umhverfismati þar sem um frekar stórar framkvæmdir eru að ræða sem geta haft möguleg neikvæð áhrif í för með sér.

Umhv.þætt	Stefna aðalskipulags um samgöngur	
		Færsla þjóðvegjar á Holtavörðuhéið skv. hugmyndum Vegagerðarinnar
Náttúra	Jarðfræði og jarðmyndanir	Óljós áhrif á jarðmyndanir þar sem ekki liggur fyrir úttekt á jarðmyndunum á svæðinu. ?
	Gróðurfar	Möguleg neikvæð áhrif á gróðurfar. Ekki liggur fyrir úttekt á verndargildi gróðurs. ? 
	Vatnafar	Óljós áhrif á vatnafar en huga þarf að koma fyrir ræsum eða brú á völdum stöðum:

		?
	Fuglalíf/dýralíf	Ekki liggur fyrir úttekt á dýralífi á svæðinu en möguleg neikvæð áhrif á fuglalíf. ?🛑
	Landslag	Möguleg neikvæð áhrif á landslag, fer eftir hönnun og útfærslu hvernig vegurinn mun liggja í landi. 0🛑
Auðlindir	Landrými, verndarsvæði, orka, menningarminjar, vatnsverndarsvæði og jarðefni	Óveruleg áhrif á landrými þar sem vegurinn er ekki að skerða mikið aðra landnotkun, þó áhrif á beitarland, óveruleg áhrif á verndarsvæði en vegurinn fer ekki yfir verndarsvæði, óljós áhrif á fornminjar þar sem ekki liggur fyrir úttekt.. Nýr vegur kallar á efnispörf og flutninga efnis og stefna skal að efni verði fengið úr námum sem fyrir eru á svæðinu. 0?🛑
Samfélag	Samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, og öryggi og sorp og fráveita	Vegurinn mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur, umferðaröryggi verður bætt en vegurinn liggur um 60 metrum neðar en núverandi vegur, eitt banaslys hefur verið á núverandi veglínu sem sneitt verður framhjá og betri veðuraðstæður. Jákvæð hagræn áhrif með bættum samgöngum og bættu umferðaröryggi. Mun skera reiðleið að hluta og þarf því að færa hana. Óveruleg áhrif á aðra þætti ✅0?

3.2.1 Samantekt niðurstöðu

Stefna aðalskipulagsins um breytingu á legu Þjóðvegur á Holtavörðuheiði er í flestum tilfellum nokkuð óljós og erfitt að meta á þessu stigi. Ekki liggja fyrir nægar



upplýsingar um vissa þætti en ljóst er að tilfærsla á vegi um Holtavörðuheidi mun óhjákvæmilega hafa áhrif á gróður, dýralíf og jarðmyndanir. Á svæðinu eru að vísu ekki neinir þættir sem njóta sérstakrar verndunar skv. náttúruverndarlögum og ekki er vitað um plöntur eða dýr sem eru á válista. Þessi atriði yrðu skoðuð á síðari stigum og í umhverfismati framkvæmda. Samfélags- og efnahagsleg áhrif eru þó mjög jákvæð af vegabótum sem þessum en með nýjum vegi upp á Holtavörðuheidi sem væri mikil samgöngubót en með henni yrði vegurinn lækkaður um 60 m þar sem veðurskilyrði eru mun hagstæðari og slys yrðu fátíðari en eitt banaslys hefur orðið á þessari leið árið 2007.

3.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM EFNISTÖKU OG EFNISLOSUNARSVÆÐI

Eftirfarandi markmið og leiðir eru um efnistökusvæði í Aðalskipulagi Húnaþings vestra;

Markmið:

Að ávallt sé til taks nægt efni til framkvæmda.

Leiðir:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

Frá gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 er verið að fjölga námu umtalsvert bæði með sameiningu við Bæjarhreppinn en einnig bætast við líka fjöldi annarra efnistökusvæða.

Í gildandi aðalskipulagi voru skilgreindar 17 efnistökusvæði en eru nú 47 og er því um talsverða fjölgun að ræða. Allar eru tilkomnar vegna áforma Vegagerðarinnar. Ein þessara náma (N7 Vatnsendanáma) er á svæði á náttúruminjaskrá og því ekki í samræmi við viðmið í lögum og reglum. Allar námurnar eru á láglendi Áhrif hverrar og einnar námu geta verið mismunandi en á heildina litið hafa þessar námur líklega helst áhrif á lífríki og náttúru, sjó og vötn, landslag og ásynd. Aðrar námur eru utan verndarsvæða og liggja meðfram vegum og eru ætlaðar til

viðhaldsverkefna. Þær eru nokkuð misjafnar að stærð bæði hvað varðar efnismagn og umfang.

Flestar efnisnámurnar eru grjót- eða setnámur og því mikilvægt að við nýtingu sé horft til framtíðar við skipulag þessa málaflokks þar sem um óendurnýjanlega auðlind er að ræða. Stefna sveitarfélagsins er að ávallt sé nægt efni til framkvæmda en nýta á þessar námur til vegagerðar eða viðhaldsverkefna á núverandi vegum. Sveitarfélagið er með þá leið að markmiði um að við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

Stefna sveitarfélagsins um efnistöku og efnislosun hefur í för með sér neikvæð umhverfisáhrif, þar sem slíkum framkvæmdum fylgir óhjákvæmilegt rask og sjónræn áhrif. Stærri námur eru háðar mati á umhverfisáhrifum, hvort sem þær eru tilkynningarskyldar eða matsskyldar. Í þeim tilvikum verður fjallað nánar um möguleg umhverfisáhrif.

4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR, VÖKTUN

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði eða mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fylgist með vatnsgæðum í ám og vötnum, vatnsbólum og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfisskyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt. Hafa ber samráð við Minjastofnun þannig að fylgst verði með framkvæmdum sem haft geta áhrif á skráða minjastaði. Sett eru skilyrði um skráningu og rannsóknir fornleifa vegna skipulags og framkvæmda þar sem aðalskrá fornleifa hefur ekki verið unnin. Lögregla fylgist með umferðarhraða á þeim vegum sem skilgreindir eru í aðalskipulaginu. Almannaþingarnefnd fylgist með hættu á ofanflóðum. Vöktun vegna reksturs nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.

Gæta skal umhverfissjónarmiða þegar farið er í skógrækt. Ekki skal taka gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.a.m. tún. Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra eru sett fram markmið í tengslum við landgræðslu og skógrækt. Í þeim eru fólgnar vissar mótvægisaðgerðir en markmiðin eru:

- a. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruvinjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.
- b. Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- c. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. Náttúruverndarlaga og hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- d. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.
- e. Skógur verði ekki ræktaður mjög nálægt vegum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum nær aðalvegum en 30 m miðað við miðlínu og ekki nær öðrum vegum en 20m. Þessar fjarlægðir ættu að nægja í flestum tilvikum til þess að skóg- og skjólbeltarækt skapi ekki vandræði (s.s. snjósöfnun á vegi og hindrun útsýnis).
- f. Með sérstakri hönnun jaðra og notkun á lágvaxnari tegundum þar eru skil á skógarjöðrum milduð.

5 MATSFERLI OG SAMRÁÐSAÐILAR

Umsagnaraðilar og stjórnsýslustofnanir sem leitað var til vegna umhverfisskýrslu:

- Skipulagsstofnun.
- Húnavatnshreppur, Borgarbyggð, Dalabyggð og Strandabyggð.
- Samgöngustofa (Siglingastofnun).
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

- o Minjastofnun Íslands.
- o Umhverfisstofnun.
- o Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.
- o Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskógar.
- o Samgöngustofa (Vegagerðin).

Samráð var haft við ofantalda aðila og fleiri eftir atvikum við skipulagsvinnuna, með bréfaskrifum og fundum. Um gerð aðalskipulags Húnaþings vestra gilda lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

6 HEIMILDIR

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014.

Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015.

Skipulaglög nr. 123/2010.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bl

Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Húnaþing vestra 2013: Samþykkt um fráveitur.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006.

Samgöngur á nýrri öld.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin 2007: Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra.

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls

VEFSÍÐUR:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landnet: www.landsnet.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Skipulagsstofnun: www.skipulag.is

Norðurlandsskógar: www.nls.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

Norðurlandsvefurinn: www.nordurland.is

